



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,

Málefni: Frumvarp til laga um endurgreiðslur til félagasamtaka til almannaheilla vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda. (Þingskjal 136 — 136. mál.)

- Í dag er það lífstíll að lifa heilbrigðu lífi.
- Rannsóknir, vísindi, þekking sérfræðinga og reynsla lækna er sú, að hreyfing og líkamleg áreynsla er jafn árangursrík, ef ekki betri lækning gagnvart streitu, þunglyndi og geðrænum sjúkdómum, heldur en lyf og pilluát.
- Nú er þetta sannað og staðfest af frændum vorum á Norðurlöndum sem hafa viðurkennt gildi hreyfingar með því að heimila læknum að gefa út lyfseðla sem ávísa á hreyfingu til betrunar og endurhæfingar.
- Á fjárlögum ríkisins er milljörðum varið til heilbrigðismála, þessar fjárhæðir mætti lækka með því að Alþingi afgreiði frumvarp til laga um endurgreiðslur til félagasamtaka af uppbyggingu á íþróttamannvirkjum og þá um leið að hleypa almenningi inn í þessi mannvirki ásamt íþróttafélögum.
- Í dag eru glæpagengi og eiturlyf að vaða yfir okkar samfélag, íþróttir eru sverð og skjöldur til varnar þeirri vá.
- Ríkið fær tekjur af þeim framkvæmdum sem tilheyra þessu frumvarpi gegnum tekjuskatt.
- Stærsti ávinningurinn er að ala upp heilbrigð ungmenni.
- Með bættri aðstöðu og umgjörð íþróttafélaga verður auðveldara að fá fólk til að starfa áfram með hugsjón til almannaheilla.
- Íþróttalíf blómstar ekki af sjálfu sér og þarf góð aðstaða að vera til staðar.
- Aðstaða sem laðar að og heldur í fagfólk, aðstaða sem um leið elur upp fagfólk.

Grindavík 21. febrúar 2019.

Með vinsemd og virðingu,

Eiríkur Leifsson framkvæmdastjóri Knattspyrnudeildar UMFG